

Forréttindi gagnkynhneigðra

- 1) Ég get verið viss um að samstarfsfólki mínu finnst kynhneigð mín í góðu lagi
- 2) Mín kynhneigð er sýnd í afþreyingarefni.
- 3) Þegar ég tala um gagnkynhneigð mína (t.d. sem part af brandara eða þegar ég ræði um sambönd mín) get ég verið viss um að enginn ásakar mig um að troða kynhneigð minni upp á annað fólk.
- 4) Ég þarf ekki að óttast það að það hafi neikvæðar afleiðingar fyrir mig þegar fjölskylda mín eða vinir finna út hver kynhneigð mín er. Þær afleiðingar geta verið tilfinningalegar, líkamlegar eða fjárhagslegar.
- 5) Ég ólst ekki upp við að kynhneigð mín væri skammaryrði.
- 6) Fólk telur ekki að ástæða kynhneigðar minnar geti verið sú að ég hafi verið misnotuð/aður, brengluð/aður eða sé andlega óstöðug/ur.
- 7) Ég upplifi aldrei, t.d. á mannamótum, að vera einangruð/aður, óttaslegin, særð/ur, í minnihluta eða útlökuð/aður vegna kynhneigðar minnar.
- 8) Ég er aldrei beðin/n um að tala fyrir hönd allra gagnkynhneigðra.
- 9) Ég get verið viss um að námsefni og annað lesefni staðfesti tilvist fólks með mína kynhneigð.
- 10) Fólk spyr mig ekki hvers vegna ég hafi valið þessa kynhneigð.
- 11) Fólk spyr mig ekki hvers vegna ég hafi valið að opinbera kynhneigð mína.
- 12) Fólk spyr mig ekki hvernig börnin mín voru getin.
- 13) Fólk hefur ekki áhyggjur af því að börnin mín verði af sömu kynhneigð og ég, það þykir eðlilegt.
- 14) Fólk gerir ráð fyrir að ég sé þeirrar kynhneigðar sem ég er, jafnvel áður en það kynnist mér.
- 15) Kynhneigð mín er ekki tengd við skápa.
- 16) Fólk reynir ekki að sannfæra mig um að skipta um kynhneigð.
- 17) Ég þarf ekki að verja gagnkynhneigð mína.
- 18) Öll trúfélög taka mér opnum örmum.
- 19) Ég get auðveldlega fundið meðferðaraðila eða lækni sem vill og hefur þekkingu til að ræða um kynhneigð mína.

- 20) Ég get auðveldlega fundið kynfræðsluefni fyrir fólk af minn kynhneigð.
- 21) Ég þarf ekki að óttast að fólk áreiti mig vegna kynhneigðar minnar.
- 22) Það hversu mikið eða lítið karlmannleg/ur/kvenmannleg/ur ég kys að vera er ekki sett í samhengi við kynhneigð mína.
- 23) Ég er ekki skilgreind/ur út frá kynhneigð minni
- 24) Ég get verið viss um að ef ég þarf lagalega aðstoð eða þarf að nota heilbrigðiskerfið, þá muni kynhneigð mín ekki vinna gegn mér.
- 25) Ef dagurinn, vikan eða árið hefur gengið illa hjá mér þarf ég ekki að spyrja sjálfa/n mig að því hvort það hafi eitthvað með kynhneigð mína að gera.
- 26) Ég get gengið út frá því að á meðal samstarfsfólks míns og yfirmanna sé fólk af sömu kynhneigð.
- 27) Ég get verið á almannafæri með maka mínum án þess að fólk glápi á okkur.
- 28) Ég get kysst maka minn á almannafæri, jafnvel oft en einu sinni á ári, án þess að fólki finnist ég vera klámfengin eða með áróður fyrir gagnkynhneigð.
- 29) Ég get ferðast til hvaða lands sem er í heiminum með maka mínum án þess að þurfa að hafa áhyggjur af viðbrögðum samfélagsins við kynhneigð minni.
- 30) Ég get gist á hvaða hóteli sem er í heiminum með maka mínum án þess að þurfa að hafa áhyggjur af viðbrögðum umhverfisins eða því hvort við getum pantað herbergi með hjónarúmi.
- 31) Hegðun mín er ekki tekin sem dæmi um hegðun alls gagnkynhneigðs fólks.
- 32) Ég þarf ekki að útskýra kynhneigð mína fyrir fólki.
- 33) Ég get ættleitt börn erlendis frá.